

Aðalfundur Hörpu tónlistar – og ráðstefnuhúss ohf.

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Hörpu var haldinn miðvikudaginn 6. apríl 2022

og hófst kl. 15:00 í Kaldalóni.

Mætt voru:

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir - stjórnarformaður Hörpu
Árni Geir Pálsson – stjórnarmaður Hörpu
Aðalheiður Magnúsdóttir – stjórnarmaður Hörpu
María Rut Reynisdóttir – stjórnarmaður Hörpu
Ebba Schram – borgarlögmaður
Þorsteinn Gunnarsson – borgarritari
Halldóra Káradóttir – fjármálastjóri Reykjavíkurborgar
Jón Gunnar Vilhelmsson – fjármála – og efnahagsráðuneyti
Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir – menningar -og viðskiptaráðuneyti

Sighvatur Halldórsson – PwC
Ágúst Kristinsson – PwC
Svanhildur Konráðsdóttir – forstjóri Hörpu
Berglind Ólafsdóttir – starfsmaður Hörpu
Guðrún Harpa Bjarnadóttir – starfsmaður Hörpu
Andri Guðmundsson– starfsmaður Hörpu
Jón Gretar Jónsson – starfsmaður Hörpu
Elva Dögg Melsteð – starfsmaður Hörpu
Elín Valgerður Margrétardóttir – starfsmaður Hörpu
Ásta Ólafsdóttir – starfsmaður Hörpu
Stefán Örn Einarsson – starfsmaður Hörpu
Hulda Kristín Magnúsdóttir ritaði fundargerð

Þetta gerðist:

1. Fundarstjórn og fundarritun

Formaður stjórnar setti fundinn, bauð gesti velkomna, og lagði til að Ebba Schram borgarlögmaður tæki að sér fundarstjórn og Hulda Kristín Magnúsdóttir starfsmaður Hörpu ritaði fundargerð. Samþykkt.

2. Könnun á lögmati fundar

Til fundarins var boðað í samræmi við lög og samþykktir félagsins þann 21. mars 2022 með tölvupósti til hluthafa og auglýsingu sem birtist í Fréttablaðinu og á heimasíðu Hörpu þann 23. mars. Af hálfu hluthafa mætti Jón Gunnar Vilhelmsson með umboð frá fjármála- og efnahagsmálaráðherra sem fer með eignarhlut ríkissjóðs (54%) og Þorsteinn Gunnarsson með umboð frá borgarstjóra sem fer með eignarhlut Reykjavíkurborgar (46%). Fundarstjóri kallar eftir athugasemdum við boðun eða dagskrá fundarins. Engar athugasemdir komu fram og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan. Gengið er til dagskrár.

3. Skýrsla stjórnar og ársreikningur Hörpu 2021

Formaður stjórnar og forstjóri fluttu skýrslur um starfsemina á síðasta ári. Forstjóri kynnti og gerði grein fyrir niðurstöðum endurskoðaðs ársreiknings og helstu skýringum.

Ársreikningur, sem stjórn hafði samþykkt og undirritað var borinn upp til samþykktar hluthafa og var hann samþykktur.

Fulltrúar hluthafa, Jón Gunnar Vilhelmsson og Þorsteinn Gunnarsson þökkðu starfsmönnum og stjórn félagsins fyrir vel unnin störf og góðan árangur við einstaklega krefjandi aðstæður.

4. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

Stjórn leggur til að afkoma ársins yfirfærast til næsta árs og að ekki verði greiddur arður. Samþykkt.

8. Kosning stjórnar

Fyrir fundinum lágu tillögur annars vegar um að eftirfarandi fimm aðilar yrðu kjörnir í stjórn félagsins og hins vegar að Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir yrði kjörin formaður stjórnar.

Tillögurnar voru samþykktar og er stjórn þannig skipuð:

1. Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, formaður
2. Guðni Tómasson
3. Aðalheiður Magnúsdóttir
4. María Rut Reynisdóttir
5. Árni Geir Pálsson

9. Kosning endurskoðanda

Ríkisendurskoðun fer með endurskoðun reikninga félagsins í samræmi við c-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, sbr. og 21. gr. samþykta fyrir félagið.

10. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.

Lagt er til að þóknun fyrir setu í stjórn hækki um 5 %. Tillagan var samþykkt.

11. Önnur mál

Engin önnur mál og fundurinn fól fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerð aðalfundarins til birtingar á heimasíðu félagsins.

Fundi slitið kl. 15:45.



Ebba Schram, fundarstjóri



Hulda Kristín Magnúsdóttir, fundarritari